

28

12. febr.

Ráðherra er heimilt að skipa sérstakan mann eða menn til aðstoðar yfirvöldum landsins við eftirlit með, að lögum þessum sé hlýtt, og til þess að hafa að öðru leyti eftirlit með hreindýrum. Kostnaður, sem af þessu kann að leiða, greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. laga þessara varðar 200 króna sekt í fyrsta sinn fyrir hvert dýr, sem veitt er, og tvöfaldast sektin við hverja ítrekun brots, allt að 800 kr.

4. gr.

Fara skal með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, sem almenn lögreglumál. Sektir skulu hálfar falla til uppljóstrarmanns, en hálfar til sveitarsjóðs heimilissveitar hans.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi öll ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þau.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

29

12. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 105 23. júní 1936 [Iðja og iðnaður].

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dyravörðum og öðrum umsjónarmönnum við ríkisstofnanir er og heimilt að vinna algenga iðnaðarvinnu til viðhalds húsum og munum slíkra stofnana, undir eftirliti húsameistara ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jakob Möller.